

VERSLUNARMANNAHELGIN 2009

Hvað á að gera? Hvert á að fara?
Mesta stuðhelgi ársins er að renna
upp og eflaust margir sem velta
nú fyrir sér hvert á að halda.
Morgunblaðið tók saman helstu
hátiðir verslunarmannahelg-
arinnar með von um að hjálpa
óákveðnum ferðalöngum að
finna áfangastað.

Mýraboltamót á Ísafirði

Keppt verður í mýrabolta á Ísafirði um helgina. Enn er hægt að skrá sig til þátttöku í keppninni. Skráningargjald er 5.000 krónur og innfalið er mótsgjald auk aðgangs að lokahófi mótsins, með mat og dansleik. myrabolti.com



Sælundagar í Vatnaskógi

Í nítjándna sinn verður haldin áfengislaus fjölskylduhátíð í Vatnaskógi. Meðal þeirra sem koma fram eru Björgvin Franz og dvergurinn Dofri og Regína Ósk og Sigursveinn Þór. Miðaverð er 3500 kr. en dagsmiði kostar 2000 kr. www.kfum.is

Fjölskylduhátíð SÁÁ

SÁÁ stendur fyrir fjölbreyttri skemmtun að Hlíðum, Hvalfjarðarströnd, alla helgina. Hljómsveitin Nögl, KK, Geir Ólafsson og Gyfi Ægisson eru meðal þeirra sem skemmta. Einnig er í boði listasmíða barna, bingó, diskó unga fólksins, útleikir og helgistund. Aðgangseyrir er 3000 kr. en frítt fyrir börn 14 ára og yngri.

Innipúkinn í Reykjavík

Í áttunda sinn geta innipúkar hangið í Reykjavík um verslunarmannahelgina en samt fengið smá-úthátíðarstemningu í æð. Tónlistarhátiðin Innipúkinn fer fram á Sódómu og Batteriinu við Tryggvagötu frá föstudegi til sunnudags. Meðal þeirra sem koma fram eru: Hjaltalín, Megas og Ólöf Arnalds, Seabear, Sin Fang Bous, Singapore Sling, Trúbatríx og Benni Hemm Hemm. Miðaverð er 2.900 krónur. midi.is/tonleikar/1/5614/

Dillon í Reykjavík

Jack Live Summerfestival verður í garðinum á Dillon Rockbar á Lauga-vegi frá föstudegi til sunnudags. Þar spila m.a.: Dr. Spock, Agent Fresco, Vicky, Sólstafr, Mammút og Ultra Mega Techno-bandið Stefán. Helgarpassi kostar 2500 kr. eða 1500 kr. stakt kvöld. midi.is/tonleikar/1/5617

Gönguhátíð í Grindavík

Af stað, menningar- og sögutengd gönguhátíð, verður í Grindavík um helgina. Farið verður í skipulagðar gönguferðir á hverjum degi. Þátttökugjald í hverja göngu er 1000 kr. en frítt fyrir 12 ára og yngri. www.sjfmenningarmidun.is

Sildarævintýri á Siglufirði

Hljómsveitirnar Buff, Papar og Heldri menn leika á dansleikjum, Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson taka lagið, Hara-systur halda tónleika, horfa má á Söltunarsýningu og börn geta tekið þátt í dorgveiðikeppni. sildaraevintyri.fjallabyggd.is



Flúðir Hrunamannahreppi

Á Flúðum er iðulega mikið um að vera um helgi verslunarmanna. Á laugardegnum fer fram traktorstorfæra og á föstudags- og laugardagskvöldinu koma Ljótu hálfvitarnir fram í Félagsheimili Hrunamanna. Á skemmtistaðnum Útlaganum verður líka margt um að vera. Bændamarkaður er á staðnum og í byrjun sumars var opnað nýtt tjaldstæði á staðnum með strandblakvelli.

Færeyskir fjölskyldudagar á Stokkseyri

Færeysk stórhátíð verður í Draugasetrinu á Stokkseyri þar sem boðið verður upp á fjölbreytta færeyska tónlist og dans. Fjórið hefst á föstudagskvöldinu með dansleik með Jens Marni og félögum. Dansleikurinn verður brotinn upp með færeyskum dansi, harmóníkuspili og innslagi frá Simme og Hljómsveit. Fótboltakeppni fer fram á milli Færeyja og Íslands og á sunnudeginum verður m.a. bryggjusöngur með Labba í Glóru og Simme. www.stokkseyri.is

Harmonikkuhátíð í Árnesi Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Hátíðin Nú er lag verður í Árnesi um verslunarmannahelgina en það er Félag harmonikuunnenda í Reykjavík sem stendur fyrir henni. Þar verða í boði tónleikar, dans, markaður, harmonikusýning, fjölbreytt útspil og samspil nærtækra hljóðfæra.

Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki

Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands verður haldið í 12. sinn um helgina en þar er að vanda keppt í hinum ýmsu íþróttum á borð við frjálsíþróttir, körfubolta, sund, glímu, hestaíþróttum og motocross. umfi.is/unglingalandsmot



Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum

Rótgrönustu hátíðahöld þessarar mestu ferðahelgar ársins fara að vanda fram í Vestmannaeyjum. Fjölskyldudagskrá verður í boði fyrir fólk á öllum aldri og meðal annars verður Brúðubillinn ferjaður út til Eyja. Tónleikadagskrá er glæsileg að vanda en meðal þeirra sem fram koma eru Skítamóráll, Í svörtum fötum, Bubbi Morthens, KK, Land og synir, Hjálmar, Egó, Geir Ólafs, Páll Óskar og Ingó úr Veburguðunum að ögleymdum Árna Johnsen. Miðaverð er 12.900 krónur, eða 10.900 í forsölu. dalurinn.is



Akureyri

Það verður Abba-þema á Akureyri um helgina á hátíðinni Ein með öllu og allt undir. Á dagskránni kennir ýmissa grasa en meðal annars verður boðið upp á kirkjutróppuhlaup, hlöðuball, sögugöngu, ratleik og markað. Einnig geta gestir komist á tónleika með Hjalmmum, Nýrri danskri, Páli Óskari, Sálanni hans Jóns míns og Mannakorni. einmedollu.is



Neistaflug á Neskaupstað

Neistar fljúga á Neskaupstað í 17. sinn um helgina. Þar verður aðaláherslan á það að fjölskyldan skemmti sér saman. Þar verður meðal annars boðið uppá Eurovisionkvöld, auk þess sem Hljómsveitirnar Ný dönsk, Buff og Bermuda leika fyrir dansi. Þá heimsækja Selma Björns, Örn Árnason og Tóti tannálfur og Jósafat mannahrellir úr Benedikt búálfi yngstu kynslóðina, svo fátt eitt sé nefnt. neistaflug.is

